



Reykjavík, 16.11.2012

Til:
Velferðarnefndar Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari

Alþingi
Erindi nr. P 141/607
komudagur 19.11.2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, 80. mál.

Félag talkennara og talmeinafræðinga, FTT, fagnar þessari þingsályktunartillögu og telur mikla þörf á því að fara vel yfir stöðu og málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun með það í huga að blása til sóknar og aðgerða í þessum málaflokki.

Það er félaginu áhyggjuefni að íhlutun og meðferðarúrræði barna og ungmenna sem greinast með málþroskafrávik hafa ekki vaxið og þróast í samræmi við aukinn fjölda greiningateyma og betri aðstæðna til að finna börn sem tilheyra þessum hópi. Félagið telur að úrræði þurfi að vera fjölbreytileg í takt við þá ólíka stöðu og misjafnan vanda sem þessi hópur glímir við. Má þar nefna að alltof fáir talkennarar og talmeinafræðingar eru starfandi innan skólakerfisins þar sem þeir eru í beinum tengslum við kennara og aðra fagaðila innan skólans og geta aðstoðað bæði skólann við að koma betur til móts við börn með frávik í málþroska og bætt getu barnsins til að takast á við kröfur skólans með talþjálfun við hæfi.

Mikilvægt er að efla snemmtæka íhlutun fyrir ung börn sem sýna frávik í tal- og málþroska, en rannsóknir benda til að með snemmtækri íhlutun sé hægt að draga úr þörf á stuðningi og afleiddum erfiðleikum síðar á lífsleiðinni. Talmeinafræðingar ásamt öðrum sérfræðingum þurfa að vera virkir þátttakendur þegar kemur að því að vinna að breyttum og bættum verkferlum sem styrkja snemmtæka íhlutun. Aðrir hópar barna sem þarf að huga betur að eru t.d. þau sem greinast með alvarleg málþroskafrávik og þurfa langvarandi þjálfun og börn sem þurfa þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Einnig þarf að styðja og hjálpa ungmönnum með málþroskafrávik sem komin eru í framhaldsskóla.

Bæta þarf aðgengi að talþjálfun og gera skýran greinarmun á almennri málörvun og sértækri talþjálfun, sem er meðferð við tal- og málþroskaröskunum veitt af talmeinafræðingum. Meðal sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga hefur myndast mikil sérhæfing og þekking á meðferð mál- og talmeina. Styðja þarf við þessa starfsemi þar sem þeirra þáttur varðandi meðferð og ráðgjöf er mjög mikilvægur fyrir börn og ungmenni með frávik í máli, tali og boðskiptum.

Skortur á talmeinafræðingum hefur verið vandi á Íslandi lengi, aðallega vegna þess hve nýliðun í stéttinni hefur verið hæg. Með námi í talmeinafræði innan læknadeildar Háskóla Íslands er von til þess að það ástand muni breytast til batnaðar. Háskóli Íslands útskrifaði sinn fyrsta árgang talmeinafræðinga síðastliðið vor og er áætlað að framvegis muni 15 nýir



talmeinafræðingar útskrifast þaðan annað hvert ár. En til að nýta þennan mannauð þarf að gera ráð fyrir stöðum talmeinafræðinga bæði innan heilbrigðiskerfisins og við skólaskrifstofur, þjónustumiðstöðvar, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þverfagleg greiningarteymi þurfa að ráða til sín talmeinafræðinga og nýta sér þekkingu og sérhæfingu þeirra, auk þess sem gera þarf meðferðarþættinum hærra undir höfði, því greining án íhlutunar hefur takmarkað gildi.

Vitað er að ógreind og/eða ómeðhöndluð tal- og málhömlun getur haft djúp áhrif á börn sem vegna þessa geta lent í miklu mótlæti bæði í námi sínu og í samskiptum við umhverfið. Neikvæð áhrif á sjálfsmat, tilfinningalíf og félagslega stöðu geta verið skelfileg og hindrað einstaklinginn í að nýta styrkleika sína og verða virkur samfélagsþegn. Því er mikilvægt að fá yfirsýn yfir þennan hóp og bregðast við þörf hans fyrir þjónustu. Skilgreina þarf betur ábyrgð sveitarfélaga og opinberra stofnanna á málefnum þessara barna, auðvelda aðgengi að meðferðarúræðum og stuðla að aukinni samvinnu á milli fagstétta.

Það er gömul saga og ný að vandamál og fatlanir sem eru sýnileg s.s. hreyfitruflun fá meiri athygli og stuðning en vandamál sem eru meira hulin s.s. andlegur og vitrænn vandi. Þannig hefur talþjálfun oft verið gert minna undir höfði en sjúkra- og iðjuþjálfun. Með þeirri vitundarvakningu sem hafin er á málefnum barna með tal- og málþroskaraskanir er lag að breyta þessu og stuðla um leið að aukinni teymisvinnu meðal fagstétta og samvinnu á milli heilbrigðis- og menntakerfis.

Það er von FTT að með þessari þingsályktunartillögu sé stigið fyrsta skrefið í átt að betra skipulagi þjónustu við börn og ungmenni með tal- og málþroskafrávik.

F.h. Félags talkennara og talmeinafræðinga, FTT

Þórunn Hanna Halldórsdóttir, yfirtalmeinafræðingur Reykjalundi – Endurhæfingarmiðstöð
SÍBS og formaður FTT

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og Talþjálfun
Reykjavíkur